

## Framvinduskýrsla janúar – mars 2012

### Gerð kynningarefnis

Eitt veigamesta verkefni Markaðsstofunnar er að gefa út greinargóðan og vel uppfærðan **landshlutabækling**. Um miðjan mars var hafin vinna við að safna saman gögnum og senda póst til allra aðila MSS vegna uppfærslu og mögulegra breytinga fyrir bæklinginn 2012-2013, vinna úr svörum og skrá breytingar. Mesta vinnan er fólgin í að ganga frá skráningu gagna vegna nýrra aðila að MSS. Þessi vinna hefur gengið vel og áætlað er að undirbúningur, umbrot, myndaval, yfirlestur og annar frágangur fyrir prentun verði lokið í lok apríl. Lokafrágangur verður síðan í lok sumars en bæklingurinn á að koma út í tengslum við VestNorden sýninguna sem verður að þessu sinni haldin í byrjun október.

Í tengslum við hvers kyns neytendasýningar er nauðsynlegt að við Sunnlendingar skörtum góðum **ímyndarbæklingi** sem eftir er tekið. Framkvæmdastjóri fór með grafískum hönnuðum hjá teiknistofunni ARG á Suðurlandi í hugmyndavinnu við gerð slíks bækling. Niðurstaðan var að búa til tvískiptan bækling sem brotinn er um þannig að meginblaðið myndar eldkeilu sem hægt er að leggja með sérstakt innblað. Meginblaðið er búið stöðluðum upplýsingum. Þar eru kynntar ýmsar akstursleiðir um fjórðunginn ásamt afþreyingarmöguleikum á hverri leið um sig. Í innblaðið geta hins vegar fyrirtæki og sveitarfélög, sem eru aðilar að MSS, prentað sitt eigið efni.

Í tengslum við sýningar sem Markaðsstofan hefur komið að voru hannaðir **nýir dreglar** (roll-up). Að mati framkvæmdastjóra er afar mikilvægt að geta lagt mismunandi áherslur frá einum tíma til annars birt með góðu myndmáli.



Markaðsstofan á orðið nokkurt **safn mynda** sem keyptar hafa verið í tengslum við útgáfu á kynningarefni og uppfærslu á heimasíðunni [www.south.is](http://www.south.is). Markaðsstofan leitast við að nýta þetta nýja myndefni sem víðast, hvort sem það við gerð dregla, sendinga til fjölmiðla eða annarra sem eru að kynna fjórðunginn. Myndefni sem okkur er heimilt að láta til 3ja aðila höfum við safnað saman og sett í svk. dropbox svo auðvelt sé að svara fyrirspurnum varðandi myndir. Hefur það auðvelað allt aðgengi að fjölbreyttu úrvali að myndum sem við höfum yfir að ráða.

Í vetur höfum við dreift landshlutabæklingnum í upplýsingamiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og Leifsstöð eftir þörfum. Við starfsmenn Markaðsstofunnar höfum sjálf séð um þá dreifingu en það gefur okkur um leið tækifæri til að hitta starfsmenn upplýsingamiðstöðvanna og mynda við þau góð tengsl sem eru mjög mikilvægt.

## **Vinna við heimasíðu [www.south.is](http://www.south.is)**

Stór hluti vinnu við heimasíðuna er fólgin í að halda utan um þjónustuskjár, skrá og uppfæra texta og myndir.

Í vetur var ráðgjafarfyrtækið Vefstjóri fengið til að vinna greiningu á heimasíðunni [www.south.is](http://www.south.is). Meginniðurstaða þessarar greiningarvinnu var að leitarvélabestun á náttúruhluta síðunnar væri ekki sem skyldi. Hefur síðan verið unnið að úrbótum þar á, m.a. með því að setja inn leitarorð o.fl. í þeim dúr.

Í tengslum við gerð nýs landshlutabæklings var farið yfir allar skráningar í south.is og póstur sendur til allra aðila sem enn hafa ekki sent okkur kynningartexta og myndir.

Á haustmánuðum var unnið fyrir Markaðsstofuna nýtt kynningarmyndband um Suðurland. Myndbandið var sett inná helstu kynningarvefi s.s. *Vimeo* og *Youtube* auk þess að vera birt á [www.south.is](http://www.south.is) og facebook síðu MSS. Myndbandið var einnig sent til allra aðila MSS og fyrirtæki og sveitarfélög hvött til að setja það upp á sínum eigin heimasíðum.

Í samstarfi við Upplýsingamiðstöð Suðurlands hefur verið rekið viðburðadagatal á [www.south.is](http://www.south.is). Dagatalið er uppfært eftir þörfum en þó má gera mun betur. Bæta þarf við kynningum og hvetja sunnlenska aðila til að senda inn efni. Í netsamfélagi er nauðsynlegt uppfæra facebook-síðuna reglulega og færa nánast daglega inn ýmsar upplýsingar um eitt og annað sem varðar ferðaþjónustu á Suðurlandi. Virk uppfærsla er fljót að skila sér í auknum heimsókna- og vinfjölda.

Mikil vinna hefur farið í að ganga frá skráningu nýrra aðila í MSS á [www.south.is](http://www.south.is). Fylgja þarf eftir ítarskráningu og uppsetningu mynda á síðunni. Sú vinna krefst mikilla samskipta við fyrirtækin og nákvæmni í vinnubrögðum.

## **Fjölmiðlar**

Markaðsstofan kom að gerð sjónvarpsþátta um Suðurland á Sjónvarpsstöðinni N4 í fyrra og fram á þetta ár og veitti margvíslega aðstoð til að þættirnir gæfu sem besta mynd af fjölbreytninni í fjórðungnum. Markaðsstofan aðstoðaði m.a. þáttagerðarmennina við að finna viðmælendur og undirbúa heimsóknir í fyrirtæki auk þess að útvega stuðning fyrirtækja í fjórðungnum við framleiðslu þáttanna, s.s. með gistingu, flugferðum og veitingum svo eitthvað sé nefnt. Heildarframlag Markaðsstofunnar við gerð þáttanna var um 350.000 krónur. Stjórn Markaðsstofunnar ákvað í mars að halda ekki áfram að styðja þetta verkefni en er reiðubúin endurskoða þá ákvörðun á haustmánuðum.

Framkvæmdastjóra Markaðsstofunnar var boðið að koma í viðtal á sjónvarpstöðinni INN í tvo 30 mínuta þætti til að fjalla um ferðamál á Suðurlandi. Þættir þessi voru sýndir í febrúar og mars og fengu ágætis undirtektir. Aðalatriðið er að starfsemi Markaðsstofunnar og Suðurland fékk góða kynningu þótt þáttastjórnandinn hafi ítrekað beint talinu að öðrum landshlutum jafnframt.

Í tengslum við sýningunna „Suðurland í sókn“ var keyptur auglýsingapakki á RÚV fyrir um 330.000 og heilsíðuauglýsing í Fréttatímann fyrir um 130.000. Þá var auglýst í landshlutablöðunum Dagskránni, Sunnlenska, Eystrahorni og Eyjafréttum fyrir um 150.000 kr. Auk þess voru sendar út

fréttatilkygningar sem skiluðu sér misvel. Segja má að landshlutablöðin og svæðisútvarpið Útvarp Suðurland hafi gert sýningunni góð skil en áhugi hjá stóru fjölmiðlunum var takmarkaður þó svo framkvæmdastjóri hafi ítrekað haft samband við ritstjórnir og þáttstjórnendur.

Mjög gott samstarf hefur verið við landshlutablöðin og þau hafa virkilega lagt hönd á plóginn við að kynna og koma starfsemi Markaðsstofunnar á framfæri. Það skiptir miklu máli í starfi sem þessu að Markaðsstofan sé sýnileg heima í héraði og hafa landshlutablöðin stóru hlutverki að gegna í þeirri kynningu.

Framkvæmdastjóri hefur verið í sambandi við ritstjórn og auglýsingadeild Grapevine blaðsins. Ætlunin er að gefa út innblað á vor- og haustmánuðum með sérstakri áherslu á Suðurland. Grapevine er skrifað á ensku og vel kynnt meða ungra ferðamanna sem sækja landið heim. Blaðið er gefið út í um 60.000 eintökum og vel dreift á höfuðborgarsvæðinu og í upplýsingamiðstöðvum víðsvegar um landið. Innblaðið verður að mestu fjármagnað með sölu auglýsinga þar sem sunnlenskum fyrirtækjum gefst kostur á að kynna sig og verða sýnileg á landshlutakorti sem verður mjög áberandi í blaðinu.

### Sýningar

Í byrjun árs hófum við undirbúning að sýningunni Mid-Atlantic. Í ár var þessi sýning haldin í tuttugusta skipti og var því með veglegasta móti. Helsta vinnan í tenglum við sýninguna var utanumhald við post-ferðirnar sem farnar voru í kjölfarið á sýningunni. Markaðsstofan kom að stórrí ferð sem farin var um Árnassýslu og annarri sem farin var um A-Skaftafellssýslu. Í tengslum við þessar post-ferðir var ferðapjónustuaðilum boðið að koma og kynna sig á svk. work-shops í flugskýlinu á Selfossi og á Hótel Höfn.

Um miðjan mars fóru framkvæmdastjóri MSS og Barbara Guðnadóttir menningarfulltrúi í Sv. Ölfus fyrir hönd Suðurlands á ferðasýninguna ITB Berlín. ITB er stærsta ferðasýningin í Evrópu og afar mikilvægt að Suðurland sé sýnilegt þar, bæði hvað varðar faglega þáttinn og neytendasýninguna. Þetta er annað árið í röð sem okkur gefst kostur að koma að sýningunni með Íslandsstofu.

Í framhaldi af ITB sýningunni fór framkvæmdastjóri til Svíþjóðar þar sem hann tók þátt í ferðasýningunni Vildmarksmessan í Alfsjö í boði Icelandair. Sú sýning tókst mjög vel og er mál manna að ástæða sé til að skoða þátttöku í sýningunni aftur að ári.

Í byrjun árs var kallaður saman samráðsfundur vegna fyrirhugaðra sýningar „Suðurland í Sókn“. Sýningardagar voru ákveðnir ásamt skilyrðum fyrir þáttöku. Í ár voru heildarútgjöld vegna sýningarinnar um 1.000.000 kr. og greiddu allir jafnt fyrir þátttöku þannig að öll útgjöld og kostnaður kom út á pari. Undirbúningur að gerð svona sýningar er af ýmsu tagi s.s. að kynna áformin og skrá þátttakendur. Í ár voru sýnendur mjög fljótir að taka við sér og má segja að uppselt hafi verið á sýninguna innan



viku frá því að auglýsingar birtust í blöðum. Starfsmaður Markaðsstofu dreifði boðskortum til allra helstu ferðaskrifstofa og annarra viðskiptaaðila í Reykjavík. Sýningin var einfaldari í sniðum en í fyrra og tókst með ágætum. Fjöldmargir fagaðilar komu við opnunina á föstudagskvöldinu og mikill fjöldi

kom að heimsækja okkur þegar sýningin var opin almenningi á laugardeginum. Framkvæmdastjóri gerir ráð fyrir að svipaður fjöldi hafi heimsótt sýninguna og fyrra. Varðandi framhald á þessari sýningu var mál manna að endurskoða þyrfti eitt og annað, svo sem tímasetningu móttökunnar á föstudeginum o.fl.

### **Kynnisferðir um Suðurland**

Stjórn Markaðsstofunnar gaf framkvæmdastjóra leyfi til að undirbúa og bjóða í kynnisferðir til Vestmannaeyja með því skilyrði að aðeins fyrirtæki og stofnanir sem eru aðilar að Markaðsstofunni væru kynnt. Flugfélagið Ernir, Viking tours, Hótel Vestmanneyjar og söfnin í Vestmanneyjum komu að þessari ferð ásamt Kristínu Jóhannsdóttur. Megintilgangur ferðarinnar var að kynna fyrir heimamönnum þann ávinning sem er af þátttöku í Markaðsstofunni og koma á meira samstarfi við Eyjamenn. Í kjölfarið á þessari heimsókn hafa nokkur fyrirtæki í Vestmannaeyjum gerst aðilar að Markaðsstofunni. Auk þess er bígerð kynnisferð til Vestmannaeyja þar sem sveitarstjórnarmönnum verður kynnt starfsemi Markaðsstofunnar.



Á haustmánuðum var öllum söluskrifstofum flugfélaganna, Íslandsstofu og Ferðamálastofu sent bréf þar sem Markaðsstofan bauð til samstarfs um aðkomu að kynnisferðum (FAM-ferðum) um Suðurland. Eins og fyrr segir var ein slík ferð (post-tour) farin í tengslum við Mid-Atlantic sýninguna í byrjun febrúar. Í ár hafa Icelandair og Ferðaskrifstofa Íslands sýnt mikinn áhuga á samstarfi við Markaðsstofuna um þessar ferðir. Hefur Markaðsstofan komið að þremur ferðum það sem af er þessu ári í samvinnu með Icelandair og

Ferðaskrifstofu Íslands. Hóparnir sem komið hafa voru frá Suður Kóreu, Noregi og Svíþjóð. Fyrirhugaðir eru ferðir í vor og haust í samvinnu við þessa aðila. Markaðsstofan hefur notið ríkulegs stuðnings aðila að Markaðsstofunni við þessar ferðir. Þannig hefur Flugfélagið Ernir staðið ötullega að kostun við flug, hópferðaleyfishafar hafa lagt til faratæki og veitinga- og gistaðilar hafa boðið fram sína þjónustu ásamt fjölda afþreyingafyrirtækja. Mikilvægt er að þessar ferðir séu vel skipulagðar og að öllum aðilum að Markaðsstofunni gefist kostur á að kynna sig í work-shopum. Ferðirnar hafa sannað sig sem frábært markaðstæki til að koma landshlutanum og fyrirtækjum á framfæri.

### **Fundur**

Starfsmenn Markaðsstofu Suðurlands hafa reynt að sækja áhugaverða fundi og ráðstefnur eftir bestu getu. Mikil umræða og framboð hefur verið á fundum sem tengjast hvers kyns uppbyggingu í ferðamálum uppá síðkastið og því úr mörgu að velja.

Framkvæmdastjóri fór ásamt formanni Ferðamálasamtaka Suðurlands, Ásbirni Jónssyni, til Vestmannaeyja og var með kynningu á samráðsfundi ferðaðjónustuaðila sem þar var haldinn í byrjun mars. Fundurinn var mjög áhugaverður og ánægjulegt að fá tækifæri til að kynna starfssemi Markaðsstofunnar í Vestmannaeyjum.

Framkvæmdastjóri hefur fundað reglulega með kollegum í öðrum landshlutum. Þar hafa verið ræddar hugmyndir um sameiginlega markaðssetningu „Ísland allt árið fyrir Íslendinga“. Framlag hveurrar markaðsstofu myndi þurfa að vera um 2 milljónir króna á þessu ári. Tækifærin eru mörg og er sérstaklega horft til ferðalaga utan háannar, að hvetja Íslendinga til ferðalaga innanlands og að nýta sér þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað víða um land, ekki síst á Suðurvesturhorninu og á höfuðborgarsvæðinu. Ýmis önnur mál hafa verið rædd á þessum fundum svo sem sameiginleg hagsmunamál markaðsstofanna, framlög frá ríki, samvinna við Íslandsstofu um markaðssókn á erlendum mörkuðum, svo eitthvað sé nefnt.

Miklir möguleikar eru í alls kyns uppbyggingu í reiðhjólaferðamennsku á Íslandi, ekki síst á Suðurlandi. Þar eru tækifærin óteljandi. Viðburðir, hjólabrautir, reiðhjólástígar o.s.frv. Í tengslum við hjólaferðamennsku var haldin ráðstefna sem Ferðamálastofa og áhugafólk um hjólræiðar kom að. Á ráðstefnunni kom fram að mikil tækifæri eru í uppbyggingu ferðahjólamennsku í landinu ekki síst á Suðurlandi. Það er okkar Sunnlendinga að grípa tækifærið núna og hvetja fyrirtæki og sveitarfélög til uppbyggingar í þessum efnum. Því hefur Markaðsstofan sett sig í samband við ferðamálafulltrúa svæðanna og þeirra sem komu að ráðstefnunni um að koma verkefnum af stað.

Ýmis klasaverkefni hafa verið í þróun á Suðurlandi sem Markaðsstofan hefur komið að. Þar má nefna góða samvinnu við ferðamála- og klasann Ríki Vatnajökuls, ýmsa klasa í uppsveitum Árnassýslu, Matarsamfélag Árnassýslu, Katla Geopark og ferðamála- og klasa í sveitarfélaginu Ölfusi, svo eitthvað sé nefnt, ásamt því að vera í reglulega og góðu samstarfi við ferðamála- og menningarfulltrúa sveitarfélaga um allan fjórðunginn. Það er mjög nauðsynlegt að við Sunnlendingar vinnum vel að uppbyggingu svæða til móttöku ferðamanna og hugum sérstaklega að því að stuðla að því að ferðamenn dvelji lengur og nýti sér þá þjónustu sem er í boði á mismunandi svæðum á Suðurlandi. Tækifæri okkar Sunnlendinga í dag eru bætt aðgengi inná svæðið með tilkomu Suðurstrandarvegur, uppbyggingu vega í uppsveitum Árnassýslu og flugsamgöngur. Eins liggur helsta auðlegð okkar í nálægð við ósnortna náttúru, verðmæti sem við þurfum að varðveita og vernda og huga að uppbyggingu í því skyni.

### Aðalfundur og stjórnarfundir

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn í Félagsheimilinu Árnesi 21. mars. Ágætis fundarsókn var eða um 25 manns, mest fulltrúar ferðapjónustufyrirtækja og sveitarfélaga á Suðurlandi. Fráfarandi stjórnarformaður Sædis Íva Elíasdóttir fór yfir helstu verkefni Markaðsstofunnar á árinu 2011. Kynntir voru ársreikningar Markaðsstofunnar fyrir árið 2011. Kosnir voru nýir fulltrúar í stjórn Markaðsstofunnar. Í kjölfarið á þessari kynningu var töluvert um fyrirspurnir fundarmanna úr sal um starfssemi Markaðsstofunnar og um fjármál og rekstur stofunnar. Meðan fundarmenn gæddu sér á veitingum í boði Markaðsstofunnar flutti framkvæmdastjóri erindi um „Hvernig nálgumst við markaðinn“ og Friðrik Rafn Larsen, lektor í Háskólanum í Reykjavík, tók svo við með því að flytja erindi um mikilvægi vörumerkja í ferðapjónustu byggt á reynsli sinni af vörumerkinu „Ísland“.



Stjórnarfundir eru haldnir annan mánudag í mánuði og eru þar helstu mál Markaðsstofunnar til umfjöllunar. Ákvarðarnir eru teknar um helstu framkvæmdir ásamt því að framkvæmdastjóri gerir grein fyrir rekstri og verkefnum sem eru framundan. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og mikið lagt uppúr að starfsemin sé gegnsæ, þ.e.a.s. að allar fundargerðir, verkáætlun, ársreikningur og framvinduskýrslur séu sýnilegar öllum aðilum að Markaðsstofunni, fjölmiðlum og öðrum sem áhuga kunna að hafa á starfseminni. Í því sambandi er haldið úti heimasíðunni [www.markadsstofa.is](http://www.markadsstofa.is)

#### **Helstu verkefni framundan**

- **Workshop í Edinborg**
- **Kynningarfundur fyrir bæjarstjórn VM**
- **Samráðsfundur v. Landsmót 2014 / fyrirhuguð kynning Suðurland á Landsmóti 2012**
- **Dreifing á landshlutabæklingi**
- **Kynning á innblaði í ímyndarbækling**
- **Menningarnótt í Reykjavík**
- **Frágangur á Landshlutabæklingi**
- **FAM-ferðir**
  - **mice hópur frá Noregi**
  - **Fam-hópur frá DK**
  - **kynnisferðir fyrir innlenda hópa um uppsveitir Árnassýslu, Árborgarsvæðið (Flóahreppur, Árborg, Sv. Ölfus og Hveragerðisbær), Rangárvallarsýsla, Austur- og Vestur-Skaftafellssýslur**